

**91. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fjarfundi,
14. janúar 2021 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingbór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar, Guðni Ágústsson, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, skrifstofustjóri.

Fyrir tekið:

1. 2001210 - Stjórnsýsla Akraneskaupstaðar - umbótavinna á rekstri og innra vinnulagi hjá Akraneskaupstað (stjórnsýsluúttekt)

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri kynnir helstu breytingar á stjórnkerfi Akraneskaupstaðar sem tóku gildi þann 1. janúar sl.

Ella María Gunnarsdóttir verkefnastjóri situr á fundinum undir þessum lið.

Menningar- og safnanefnd þakkar Sævari Frey fyrir greinagóða yfirferð á stjórnkerfisbreytingum Akraneskaupstaðar og þeim áhrifum sem menningar- og safnamál verða fyrir í tengslum við breytingarnar.

Menningar- og safnanefnd þakkar Ellu Maríu fyrir farsælt og gott samstarf á síðastliðnum árum og óskar henni velfarnaðar í nýju hlutverki innan bæjarskrifstofunnar.

2. 2011109 - Styrkir til menningar- og íþróttamála 2021

Auglýst var eftir stykumsóknum til menningar- og íþróttamála í lok síðasta árs.

Alls bárust 15 umsóknir til menningarmála.

Unnið að drögum að úthlutun styrkja. Frestað til næsta fundar.

3. 2012201 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2021

Skipulag viðburðarhalds fyrir árið 2021.

Nefndin samþykkir dagskrá og skiptingu fjármagns vegna viðburðarhalds á Akranesi fyrir árið 2021.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.